

Anne G. Hansen
iðjuþjálfari — Dagvist og
endurhæfingarmiðstöð MS



A. Emma Pétursdóttir
iðjuþjálfari — Dagvist aldraðra,
Engensenteret, Bergen



Þótt aðgengismál hafi í auknum mæli verið í brennidepli síðastliðin ár, hefur lítið verið rætt um aðgengi í húsnæði aldraðra og sárafáar rannsóknir hafa farið fram á því hér á landi.

Iðjuþjálfarnir Anne G. Hansen og A. Emma Pétursdóttir gerðu rannsókn á aðgengi í íbúðum sem auglýstar eru fyrir 50 ára og eldri voruð 2005. Staðlað matstæki var notað til að meta aðgengi í íbúðarhúsnæðinu hlutlægt og spá fyrir um aðgengisvandamál sem gætu hugsanlega skapast.

Niðurstöður bentu til þess að fólk með skerta líkamlega færni myndi rekast á aðgengisvandamál í öllum íbúðunum fimm sem metnar voru.

Aðgengi í íbúðarhúsnæði fyrir 50 ára og eldri

Bakgrunnur

Umhverfið hefur margvísleg áhrif á daglegt líf okkar og iðju. Í samspili einstaklinga og umhverfis er útkoman háð bæði færni einstaklingsins og kröfum umhverfisins (Lawton, 1986). Hindranir eru þættir í umhverfinu sem hamla einstaklingum við að vinna verk sín af hendi á sem öruggastan og hagstæðastan hátt. Þegar fólk með skerta færni mætir hindrunum í umhverfinu skapast aðgengisvandamál.

Aðgengi fatlaðra hefur verið í brennidepli síðastliðin ár, sérstaklega aðgengi að opinberum byggingum og umferðarleiðum. Lítið hefur verið rætt og skrifað um aðgengi í íbúðarhúsnæði aldraðra. Erlendar rannsóknir benda til þess að á heimilum aldraðra séu oft á tíðum hindranir sem geta hamlað þátttöku þeirra í daglegri iðju (Gitlin, Mann, Tomit og Marcus, 2001; Iwarsson, 1997). Reynsla iðjuþjálfra og annarra heilbrigðisstarfsmanna hér á landi, sem fara í heimilisathuganir til aldraðra, er að jafnvel í nýlegu húsnæði geta komið upp aðgengisvandamál.

Framboð á íbúðarhúsnæði fyrir fólk á miðjum aldri og eldra hefur aukist en ekkert yfirlit er til yfir fjölda þessara íbúða (Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2004) né yfir aðgengi í þeim. Tilgangur þessarar rannsóknar var að lýsa hindrunum og hugsanlegum aðgengisvandamálum í slíkum íbúðum og að leggja mat á gagnýti matsaðferðarinnar.

Aðferð

Rannsóknin var lokaverkefni höfunda í sérskipu- lögðu B.Sc.-námi fyrir starfandi iðjuþjálfra við Háskólann á Akureyri. Rannsóknir á aðgengi í íbúðarhúsnæði hafa ekki verið gerðar áður hér á landi og því lítið um aðferðafræðilegar fyrirmyndir. Matstæki, sem meta aðgengi hlutlægt og hafa verið rannsökuð og stöðluð, eru af skornum skammti bæði hér- og erlendis (Gitlin, 2003). Eitt fárra slíkra matstækja er Housing Enabler (Iwarsson og Slaus, 2001), upprunnið í Bandaríkjunum og þróað síðastliðin ár í Svíþjóð.

Með Housing Enabler má spá fyrir um hversu umfangsmikil aðgengisvandamál skapast þegar fólk með tilteknar færniskerðingar mætir íbúðarumhverfi



Hár þröskuldur, 10 cm, við aðaldyr íbúðarhúsnæðis fyrir aldraða. Hurðin er án rafvirks búnaðar.

með tilteknum hindrunum. Umhverfishluti matstækisins nær yfir 188 atriði eða hugsanlegar hindranir sem eru til staðar í íbúðarumhverfinu. Merkt er við hvort hindrun sé til staðar eða ekki og mælingar og athugasemdir skráðar. Dæmi um hindranir eru: „skortur á lýsingu við gönguleiðir“, „handrið vantar í lyftu“, „efri skápar í eldhúsi of hátt staðsettir“ og „notkun rofa krefst flókinna hreyfinga“. Færnihlutinn nær til 15 ólíkra færniskerðinga og þarfa fyrir hjálpartæki, til dæmis „sjónskerðing“, „skert hreyfigeta eða styrkur í handleggjum“ og „háð(ur) gönguhjálpartæki“. Stigagjöfin felst í því að hindranir sem eru til staðar eru tengdar færniskerðingum með fyrirfram ákveðnum stigafjölda, frá einum upp í fjóra, eftir umfangi aðgengisvandamála.

Áður en rannsóknin hófst var umhverfishlutinn aðlagður íslenskum aðgengis- og byggingarstöðlum. Tölulegum viðmiðum 28 atriða var breytt í samræmi við íslenskar aðstæður.

Fimm íbúðir í fjölbýlishúsum á höfuðborgarsvæðinu voru valdar í hentugleikaúrtak. Húsnæðið var fundið með aðstoð byggingarféлага og fasteignasala. Íbúðirnar höfðu verið auglýstar til sölu fyrir 50 ára og eldri eða 60 ára og eldri. Allar íbúðirnar voru í lyftuhúsum, byggðum á árunum 1994-2003. Þremur þeirra fylgdi stæði í bílageymslu.

C. Indoor environment	A	B1	B2	C	D	E	F	G
1. Stairs/thresholds/differences in level between rooms/floor spaces (more than 25 mm). 12		3	3		3	3		1
2. Complicated/illogical circulation routes (p. 129).	3	3	3				4	
3. Narrow passages/corridors in relation to fixtures/design of building (less than 1.3 m, p. 131). 12								

Dæmi um matseyðublað frá Housing Enabler, með hugsanlegum hindrunum og stigagjöf.

Úttektirnar náðu til íbúðarinnar og umferðarleiða til og frá bílastæði /bílageymslu, pósthólfis, sorprennu /sorpgeymslu, svala og geymslu. Hver úttekt tók um tvær og hálfu klukkustund og notast var við áhorf og mælingar samkvæmt fyrirmælum matstækisins.

Niðurstöður

Þrátt fyrir almenn mikil gæði voru í öllum íbúðunum hindranir sem gátu valdið aðgengisvandamálum. 28 hindranir (af 188 mögulegum) komu fyrir í öllum íbúðunum fimm. Í öllum íbúðunum voru háir þröskuldar að svölum, eldhús án vinnuástöðu fyrir sitjandi fólk og skortur á athafnasvæði við heimilistæki, sérstaklega þvottavél og geymsluskápa. Einnig voru í öllum tilvikum þungar hurðir í inngangi húss og of lítið athafnasvæði við inngöngudyr íbúðar.

Matstækið Housing Enabler gefur möguleika á að skoða hvaða hindranir skapa mestu aðgengisvandamálin fyrir fólk með tilteknar færniskerðingar. Við skilgreindum tvær færnimyndir út frá reynslu okkar með eldra fólk með fötlun; annars vegar fólk sem notar hjólastól og hins vegar fólk með jafnvægisvandamál og skert úthald. Með hugbúnaðinum Housing Enabler 1.0 var reiknað út hvaða aðgengisvandamál yrðu stærst fyrir þessa tvo hópa fólks.

Fyrir fólk í hjólastól voru það hindranir innan veggja íbúðarinnar sem fengu mest vægi og flestar þeirra voru á badherbergi. Sem dæmi um stærstu aðgengisvandamálin má nefna að snúningsrými var of lítið (minna en 1,5 x 1,5 m), ekki var nægilegt rými undir handlaug til að sitja við hana, hæð handlaugar hentaði aðeins fyrir standandi fólk, sturtuástanda var með upphækkuðum kanti / lista ásamt því að handföng skorti við sturtu eða salerni. Í inngönguleiðum húsnæðisins ollu háir þröskuldar og þungar hurðir alvarlegustu vandamálunum fyrir þennan hóp. Einnig voru háir þröskuldar og þröngar dyr að svölum íbúðanna.

Fyrir fólk með skert úthald og jafnvægi voru það hindranir í inngönguleiðum íbúðarhúsnæðisins sem vögu þyngst. Þar má nefna þungar hurðir, hurðir héldust ekki opnar eða lokuðust of fljótt, handrið vantaði



Opnun svalahurðar krefst flókinna hreyfinga beggia handa í einu.

öðrum megin við stiga, sæti vantaði í lyftu og háir þröskuldar voru að svölum.

Umræða

Niðurstöður rannsóknarinnar varpa ljósi á hvers kyns vandamál kunna að koma upp í íbúðum sem eru seldar 50 ára og eldri, ef færni íbúanna skerðist. Housing Enabler er umfangsmikið og krefst töluverðrar nákvæmni í notkun ásamt þjálfun. Það hefur reynst okkur vel við að skerpa athyglina við úttektir og koma auga á fleiri hindranir á skipulagðari hátt. Hafa ber þó í huga að hindranir eru metnar gróflaga. Til dæmis eru þröskuldar í inngöngum metnir sem hindranir hvort sem þeir eru 2,5 cm eða 10 cm háir svo lengi sem þeir eru hærri en viðmiðið, 2 cm.

Rannsóknin byggir á litlu úrtaki og má líta á hana sem forkönnun, þar sem verið var að prófa nýja matsað-

ferð. Fróðlegt væri að sjá hvernig niðurstöður yrðu ef fleiri íbúðir væru skoðaðar. Við teljum brýna þörf á frekari rannsóknum á aðgengi í íbúðarhúsnæði fyrir aldrada. Það væri í samræmi við tillögur stýrihóps um stefnumótun í málefnum aldraðra um að meta kosti og galla húsnæðisúrræða sem nú þegar eru til og að koma upp þekkingarbrunni til að efla frekari uppbyggingu hentugra úrræða (Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2004). Stefnan er að sem flestir geti búið á eigin heimili sem lengst og því nauðsynlegt að gefa þessum málaflokki betri gaum.

Í rannsóknarskýrslunni er niðurstöðum gerð ítarlegri skil og fleiri niðurstöður birtar.

Skýrsluna má panta hjá höfundum, anneg@simnet.is eða emmap@broadpark.no

Heimildaskrá:

- Gitlín, L. N. (2003). Conducting research on home environments: Lessons learned and new directions. *Gerontologist*, 43, 628-637.
- Gitlín, L. N., Mann, W., Tomit, M. og Marcus, S. M. (2001). Factors associated with home environmental problems among community-living older people. *Disability and Rehabilitation*, 23, 777-787.
- Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið (2004). *Skýrsla stýrihóps um stefnumótun í málefnum aldraðra til ársins 2015*. Reykjavík: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.
- Husbanken. *Treng du ein tilrettelagd bustad?* Sótt 4. nóvember 2004, frá www.husbanken.no/PORTALER/PUBLIKASION.NSF/0/CE95F55B539BD7A1C1256DB400483973?OpenDocument
- Iwarsson, S. (1997). *Functional capacity and physical environmental demand. Exploration of factors influencing everyday activity and health in the elderly population*. Lund: Department of community health sciences, Lund University.
- Iwarsson, S. og Slaug, B. (2001). *The Housing Enabler: An instrument for assessing and analysing accessibility problems in housing*. Nävlinge and Staffanstorps: Vetenskapen HB og Slaug Data Management.
- Íbúðalánasjóður. *Aukalán – lán til einstaklinga með sérþarfir*. Sótt 1. maí 2005, frá www.ils.is/default.asp?cat_id=61

Lawton, M. L. (1986). *Environment and aging*. Albany New York: Center for the Study of Aging.

Nordisk Ministerråd (2003). *Et Norden for alle. Virkemidler til fremme af tilgængelighed til eksisterende bygninger og anlæg i Norden*. København. TemaNord 2003:511.

Nutricia hefur lausnina þegar venjuleg næring er ekki nóg

NUTRICIA

Ísmed ehf.
www.ismed.is
Sími: 520 4300

Fæst í apótekanum